



**SEEDS** - Sjálfbærar umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

[www.seeds.is](http://www.seeds.is)

[seeds@seeds.is](mailto:seeds@seeds.is)

Phone: +354-7713300

---

## SEEDS kynsir spennandi verkefni í Gießübel, Þýskalandi!

Hefur þú áhuga á að ferðast, hitta nýtt fólk, kynnast nýrri menningu á skemmtilegan hátt?

SEEDS mun senda 5 Íslendinga á aldrinum 18-25 ára til þátttöku í ungmennaskiptunum "Capture Your Life 2013" sem mun fara fram í bænum Gießübel í Þýskalandi.

Hefur þú áhuga á að taka þátt?

**Hvenær:** 26. ágúst – 6. september 2013

**Umsóknarfrestur:** Til miðnættis föstudaginn 2. ágúst 2013

**Þema og markmið ungmennaskiptanna:** Í þessum ungmennaskiptum munu þátttakendur fá tækifæri til að segja sögu sína eða sögur úr lífi sínu með því að búa til stuttmyndir. Þátttakendur geta tekið með sér myndbönd, myndir, póstkort, bréf, teikningar og annað efni í ungmennaskiptin sem þeir munu svo nota til að búa til sína eigin stuttmynd þegar út er komið. Stuttmyndunum er ætlað að gefa þátttakendum, ungu fólk í Evrópu, innsýn inn í líf hvors annars og skapa umræður til dæmis um menningu, mannréttindi og lífsskilyrði í mismunandi löndum.

Þátttakendur munu fá óformlega kennslu í gerð einfaldra stuttmynda, taka þátt í umræðum þar sem þema stuttmyndanna verður valið og að lokum munu þátttakendur búa til sínar eigin stuttmyndir, bæði með því að notast við efnið sem þeir komu með heiman frá sér auk þess sem þeir geta tekið upp og bætt við efni eftir að út er komið. Undir lok ungmennaskiptanna, þegar stuttmyndirnar hafa verið sýndar, munu þátttakendur taka þátt í umræðum um efni þeirra.

Á meðan ungmennaskiptunum stendur verður þátttakendum einnig boðið upp á skoðunarferðir um svæðið auk þess sem þeir munu fá tækifæri til að kynnast menningu annara þáttökulanda.

Athugið að ekki er gerð krafa um þekkingu eða reynslu í gerð stuttmynda, þátttakendur munu fá stuðning frá skipuleggjendum verkefnisins auk þess sem þátttakendur sem hafa reynslu munu aðstoða þá reynsluminni.

Ungmennaskiptin munu fara fram á ensku og þátttakendur þurfa að hafa gott vald á talaðri ensku.

**Þáttökulönd auk Íslands:** Búlgaría, Eistland, Grikkland, Ungverjaland og Þýskaland.

**Fjöldi þátttakenda:** 5 þátttakendur frá hverju landi á aldrinum 18-25 ára.



**SEEDS** - Sjálfbær og umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

[www.seeds.is](http://www.seeds.is)

[seeds@seeds.is](mailto:seeds@seeds.is)

Phone: +354-7713300

### Skilyrði til þátttöku:

- Áhugi á að taka þátt í verkefnum þar sem stuðst er við óformlega kennsluhætti
- Gott vald á talaðri ensku
- Áhugi á að deila reynslu sinni og lærdómi verkefnisins með SEEDS eftir heimkomu.
- Þátttakendur skuldbinda sig til að vera virkir þátttakendur í verkefninu frá upphafi þess til loka.

### Athugið að við leitum að hópstjóra fyrir þessi ungmennaskipti!

Hlutverk hópstjóra er að vera í góðu sambandi við verkefnastjóra ungmennaskipta hjá SEEDS og skipuleggjendur í Þýskalandi bæði fyrir verkefnið og á meðan því stendur. Hópstjóra er ætlað að „þjappa“ hópnum saman, aðstoða íslensku þátttakendurna, til dæmis við skipulagningu flugmiðakaupa og ef einhver vandamál koma upp á meðan verkefninu stendur. Hópstjóri safnar einnig saman nauðsynlegum ferðagögnum á meðan verkefninu stendur og ber ábyrgð á að skila þeim til SEEDS eftir heimkomu.

Hópstjóri mun reglulega taka þátt í svokölluðum hópstjórafundum á meðan verkefninu stendur en þar ræða hópstjórar allra landana saman um verkefnið og framgang þess auk þess að takast á við vandamál sem upp geta komið þegar ólíkir einstaklingar vinna saman að stóru verkefni.

Hafir þú áhuga á að taka að þér hópstjórstöðu fyrir þessi ungmennaskipti skal það tekið skýrt fram þegar umsókn er lögð inn.

**Aðstaða:** Ungmennaskiptin munu að mestu fara fram í Naturfreundehaus Thüringer Wald í Thuringian skóginum í Gießübel. Þátttakendur munu gista í svefnpokaplássum móttökumiðstöð í skóginum og munu vinna saman að matseld og þrífum á vistaverum á meðan verkefninu stendur.

Á meðan ungmennaskiptunum stendur verður þátttakendum m.a. boðið í gönguferðir um skógin auk þess sem farið verður í skoðunarferð til borgarinnar Erfurt.

**Kostnaður:** SEEDS hefur hlotið styrk til þátttöku í verkefninu frá Youth in Action, ungmennaáæltun Evrópusambandsins. Þátttakendum mun því verða séð fyrir fæði og húsnæði á meðan á verkefninu stendur auk þess sem gjarnan er boðið upp á einhverskoanar skoðunarferðir um svæðið.

Þátttakendur munu að auki fá 70% af ferðakostnaði vegna ungmennaskiptanna endurgreiddan eftir heimkomu, þó að hámarki 420€ (Evrur) fyrir hvern þátttakanda, þegar öllum ferðagögnum hefur verið skilað eftir heimkomu og greiðsla hefur borist frá landskrifstofu Evrópusambandsins í því landi sem ferðast var til.

Þeir umsækjendur sem valdir verða til þátttöku greiða umsýslu- og staðfestingargjald SEEDS sem er 20.000 kr.. Þeir sem ekki komast að þessu sinni greiða ekkert gjald. Gjaldið fæst ekki endurgreitt, jafnvel þó þátttakandi þurfi að hætta við ferðina.



**SEEDS** - Sjálfbær og umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

[www.seeds.is](http://www.seeds.is)

[seeds@seeds.is](mailto:seeds@seeds.is)

Phone: +354-7713300

---

Umsóknareyðublað fyrir ungmennaskiptin er að finna á <http://www.seeds.is/files/SEEDS-umsoknarform.doc>. Áhugasamir eru beðnir um að fylla eyðublaðið út á ensku og senda það á [outgoing@seeds.is](mailto:outgoing@seeds.is) fyrir miðnætti **föstudaginn 2. ágúst 2013**. Hafið í huga að þegar okkur berast margar umsóknir skiptir innihald umsóknarinnar miklu máli.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Unnur Silfá Eyfells, verkefnastjóri hjá SEEDS á netfanginu [outgoing@seeds.is](mailto:outgoing@seeds.is) eða í síma 845 0766.



Youth  
in Action



Evrópa  
unga fólksins